

24
27. febr.

stöðvar; fer um Hrafnabjörg til Vopnafjarðar og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdöl sömu leið að Höfða.

12. ÁRNESSÝSLUPÓSTUR fer frá Hraungerði eftir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík, um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum, og snýr þegar aptur að Hraungerði daginn eftir.
13. VESTMANNAEYJAPÓSTUR fer frá Breiðabólstað að Krossi daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar póstattaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. febr. 1884.

Bergur Thorberg
settur.

Jón Jenson
settur.

25
2. febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um að Húnavatnssýslu skuli fengin í hendur umráð yfir búnaðarskólagjaldinu þar. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 9. f. m., viðvíkjandi útborgun til-
tölulegs hluta af búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins til Húnavatns- og Eyjafjarðarsýslna, samþykki jeg hjermeð, að Húnavatnssýslu verði útborgaður sinn hluti úr nefndum sjóði, og fengin í hendur umráð yfir búnaðarskólagjaldi sínu eptirleiðis, þegar sýslu-
nefndin þar, eptir að hafa tekið skýlausa ályktun um að ganga í samband við Skagafjarðarsýslu um búnaðarskóla, æskir þess, en hvað Eyjafjarðarsýslu snertir, þá vil jeg ekki að sinni samþykkja, að hún fái sinn hluta af nefndu fje til umráða, með því að jeg verð að vera sömu skoðunar og amtsráðið um það, að heppilegra sje, að hún gangi í samband við Þingeyjarsýslu um búnaðarskóla heldur en við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, og ekki er enn útsjeð um, nema það geti orðið.

26
16. febr.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um nýtt upplag af sálmaðókinni. — Í tilefni af erindi prentsmiðjueiganda E. Þórðarsonar, er fylgdi þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptyfirvalda frá í dag viðvíkjandi nýrri útgáfu af sálmaðókinni, er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir E. Þórðarsyni, að jeg fellst á, að honum verði veitt leyfi til að gefa út af nýju 1400' exemplara upplag af nefndri bók, gegn því, að hann greiði fyrir leyfi þetta 100 kr. í landssjóð innan loka þessa árs, að upplagið verði fullprentað innan júlímánaðarloka þ. á., að hvert exemplar bókarinnar ekki verði selt dýrara en 1 kr. 25 a. og að bókin verði engu síður úr gærði gjörð, en síðasta útgáfa hennar.

1) Með brjefi landshöfðingja 19. febr. 1884 var þó leyft að upplagið mætti vera 2000.